

SKIMUNARLISTI

Netagerð

Markmiðið með skimunarlistanum er að leggja fyrsta mat á hvort þú átt erindi í raunfærnimat. Niðurstaðan er aðeins vísending um hvort ástæða sé til að skoða næstu skref með ráðgjafa.

Í netagerð þarf að vinna sjálfstætt og skipulega. Forsendur fyrir raunfærnimati er að þú hafir öðlast talsverða færni og eru því sett lágmark um 23 ára lífaldur og 3 ára starfsreynslu í faginu.

Ekki þarf að hafa þekkingu á öllum þáttum til að eiga erindi í raunfærnimat.

Færni viðmiðum er skipt í flokka og skalinn hér til hliðar notaður. Þú hakar við þá færni sem þér finnst eiga við þig. Neðst er textabox þar sem þú getur bætt við atriðum eða skýrt frekar út færni þína.

1	Lítill þekking/færni
2	Nokkur þekking/færni
3	Góð þekking/færni
4	Mikil þekking/færni

Nafn				
Lífaldur	Starfsaldur í grein / ár			
Fagleg netagerð				
Ég tel mig geta skilgreint hvernig stærðir hringnóta eru mældar				
- get reiknað út skurð í neti				
- get reiknað út upptökufjölda á þríhyrnu netstykki ef síður eru uppgefnar				
- get reiknað út síðufjölda á þríhyrnu netstykki ef upptökur eru uppgefnar				
- get áætlað efnismagn sem þarf til að búa til veiðarfæri, net, kaðla, keðjur, víra, flot og gúmmí				
- get reiknað út efniskostnað við að búa til nýtt veiðarfæri				
- get skilgreint slitvara undir togveiðarfærum og lýst gagnsemi þeirra				
- get lýst hvernig flot eru notuð á togveiðarfæri og hringnætur og hvað veldur vali þeirra				
- get sagt frá því hvernig veiðarfæri er hentugast að nota við a) veiðar á botnlægum bolfiski, b) botnlægum flatfiski c) uppsjávarfiski				

- get reiknað út hentugar grandaralengdir miðað við stærð á togveiðarfæri				
---	--	--	--	--

Efnis- og verkfærafræði	1	2	3	4
Ég þekki notkunarvið gerviefna (PA), (PES), (PE), (PP) (Dyn) og get gert grein fyrir ástæðum fyrir vali þessara efna í veiðarfæri				
- þekki mun á garni og kaðli				
- veit hvað togun og núningsþol er				
- veit hvaða upplýsingar eru á merkisspjöldum neta, garns og kaðla				
- þekki notkunarvið Dyneema kaðla og neta				
- þekki helstu gerðir togvíra og grandaravíra sem og grundvallaratriði í meðferð víra				
- veit hvað stokka-, langhlekkja-, miðhlekkja- og stutthlekkjakeðjur eru og notkunarvið þeirra				
- þekki a.m.k. 8 handverkfæri og mælitæki til að nota við veiðarfæragerð				
- þekki vírasplæsingaskrúfstykki og kraftblökk				

Veiðarfærafræði og veiðitækni	1	2	3	4
Ég þekki helstu einkenni þorsk-, rækju og humartrolla				
- þekki helstu veiðiaðferðir við veiði í botntroll				
- þekki helstu einkenni flottrolla og veiðiaðferðir þeim tengdum				
- þekki helstu einkenni dragnóta og veiðiaðferðir þeim tengdum				
- þekki veiðiaðferðir í hringnót og helstu hluti sem þarf að hafa til að veiða í hringnót				
- þekki helstu hlutaheiti í lagneti og þann búnað sem þarf að nota við veiðar í lagnet				
- þekki veiðiaðferð við að veiða í línu				

- þekki helstu hlutaheiti á handfærum og þá veiðiaðferð sem er notuð við handfæraveiðar				
Haf- og fiskifræði	1	2	3	4
- þekki helstu sjávarspendýr og nytjafiska við Ísland				
- þekki fiskigöngur flestra nytjafiska á hrygningartíma þeirra				
- þekki til aðalatriða í stofnstærðamælingum á fiskistofnum				
- þekki grundvallarmarkmið fiskveiðistjórnunarkerfisins við Ísland				
Annað sem þú vilt taka fram:				

Ráðgjafi hjá fræðslu- eða símenntunarmiðstöð getur leiðbeint þér um framhaldið, meðal annars fundið út hvort og hvenær raunfærnimat er að hefjast í greininni.

Nánari upplýsingar um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar má finna [hér](#).

Gangi þér vel.